



Ár 2013, þriðjudaginn 13. ágúst, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í málinu nr. 2/2013

**Mótsstjórni Opna ZO-ON mótsins  
gegn  
Sigurbergi Sveinssyni**

Þann 24. júní sl. barst aganefnd kæra frá mótsstjórni Opna ZO-ON mótsins, dags. 24. júní 2013, á hendur Sigurbergi Sveinssyni, Golfklúbbnum Keili (hér eftir nefndur kærði), vegna meints agabrots í mótinu sem fram fór á Hvaleyrarvelli hjá Golfklúbbnum Keili þann 15. júní sl. Í kæru er kærða gefið að sök brot á siðareglum þegar hann undirritaði skorkort meðspilara síns, sem ritari hans, án þess að skor hefði verið skráð á kortið. Að því búnu var kortinu skilað til mótsstjórnar af leikmanninum, sem fyllti það út sjálfur. Þess er kraftist að kærði verði beittur þeim viðurlögum sem nefndinni er heimilt að beita skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ.

Á fundi aganefndar þann 4. júlí sl. var kæran tekin fyrir og afstaða tekin til hugsanlegra formgalla á henni. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærunni sem gætu valdið frávísun hennar. Af þeim sökum ákvað aganefnd að taka kæruna til efnislegrar meðferðar og var kærða send kæran ásamt fylgigönum og skorað á hann að halda uppi vörnum í málinu innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins, sbr. 8. gr. reglugerðar um aganefnd. Engin greinargerð eða annars konar málsvörn kærða barst aganefnd. Af þeim sökum lítur aganefnd svo á að kærði hafi ekki ætlað að láta málid til sín taka. Verður því úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

**I. Málavextir**

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum voru málsatvik með þeim hætti að kærði lék ásamt þremur öðrum kylfingum í ráshópi, þeim Arnari Frey Jónssyni, Benedikt Sveinssyni og Sigurði Sturlu Bjarnasyni, en kærði var ritari þess síðastnefnda í mótinu. Að loknum hringnum afhenti kærði Sigurði skorkort þess síðarnefnda. Kærði hafði ekki skráð skor á kortið og var kortið því óútfyllt, að frátalinni undirritun kærða. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum mun kærði hafa óskað eftir því við Sigurð að sá síðarnefndi fyllti sjálfur út kortið og skilaði til mótsstjórnar. Sigurður fyllti því sjálfur inn skor sitt á kortið.

Sigurður skilaði of lágu skori á fjórum holum vallarins og hlaut hann frávísun úr mótinu þegar mótsstjórni varð þetta ljóst. Mun það meðal annars hafa verið kærði sem tilkynnti um rangt skor til mótsstjórnar að móti loknu. Í samtali við dómara mótsins mun kærði hafa viðurkennt að hafa „staðið slælega að skráningu skorsins á meðan á leik stóð“, eins og segir í kæru til aganefndar. Þá segir í kærunni að kærði hafi viðurkennt að hafa undirritað skorkortið að leik loknum, lítið útfyllt, og afhent það Sigurði og spurt hvort hann myndi ekki ganga frá skorkortinu.

## **II. Forsendur og niðurstaða**

Kærði hefur ekki látið málið til sín taka og bárust aganefnd engin viðbrögð frá kærða. Úrskurður þessi er því byggður á kæru mótsstjórnar til aganefndar og fylgigönum með henni.

Samkvæmt golfreglum R&A er ritari sá sem skipaður er af nefndinni til þess að skrá skor keppanda í höggileik. Samkvæmt golfreglu 6-6a er það hlutverk ritara að bera skor undir keppanda og skrá það á skorkort, eftir hverja holu. Að lokinni umferð verður ritari að undirrita skorkortið og afhenda keppandanum. Þetta eru skyldur ritara samkvæmt golfreglum R&A. Það er þó ávallt keppandinn sjálfur sem ber ábyrgð á því að rétt skor sé skráð á skorkort hans hverju sinni, sbr. golfreglu 6-6d.

Að mati aganefndar var kærða falið mikilvægt hlutverk þegar honum var falið að skrá skor meðspilara síns. Í því hlutverki fólst sú skylda að gæta þess samviskusamlega að skor keppanda hafi verið rétt skráð, ekki einungis gagnvart keppandanum sjálfum heldur einnig gagnvart öðrum keppendum mótsins. Með háttsemi sinni hafði kærði þetta hlutverk sitt að engu og brást þar með skyldum sínum. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um aganefnd er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða um agabrot og óprúðmannlega eða ámælisverða framkomu kylfinga. Að mati aganefndar var framkoma kærða ámælisverð þegar hann létt sér í léttu rúmi liggja hvort skor meðspila síns væri rétt skráð, líkt og honum hafði verið falið að gera af mótsstjórn. Með þessu sýndi hann jafnframt ekki öðrum keppninautum og starfsmönnum mótsins þá virðingu sem áskilið er í 10. gr. móta- og keppendareglna GSÍ auk 14. gr. móta- og keppendareglna Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða aganefndar að háttsemi kærða hafi verið ámælisverð. Þykja viðurlög hæfilega ákveðin áminning til kærða. Ekki þykir ástæða til að skilyrða áminninguna, líkt og heimilt er skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd.

## **III. Úrskurður**

Kærði er áminntur.

Reykjavík, 13. ágúst 2013  
f.h. aganefndar

  
Haukur Örn Birgisson

  
Jónatan Ólafsson

  
Sigurður Geirsson